



Fundargerð. Aðalfundur Norðurár bs. 2025

Aðalfundur Norðurár bs., haldinn 28. mars 2025 kl. 13:00 í Menningarhúsinu Miðgarði Skagafirði.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir sveitarfélagið Skagafjörð, Pétur Arason fyrir Húnabyggð, Halldór Gunnar Ólafsson fyrir Sveitarfélagið Skagatrönd.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Sveinn Úlfarsson og áheyrnarfulltrúinn Snorri Finnlaugsson. Aðrir fundarmenn voru; Einar E. Einarsson, Arnar Bjarki Magnússon og Margeir Friðriksson frá Skagafirði, Helgi Níelsson frá KPMG, Elvar B. Gíslason verkstjóri Norðurá bs. Sérstakir gestir fundarins voru Ottó Elíasson framkvæmdastjóri Eims og Ragnhildur Friðriksdóttir verkefnastjóri frá Eimi.

Dagskrá:

- Fundarsetning
- Kosning fundarstjóra /fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur 2024
- Fjárhagsáætlun 2025-29
- Gjaldskrá
- Kosning stjórnar og endurskoðanda
- Ákvörðun um þóknun stjórnar
- Kynning á nýju starfsleyfi
- Kynning á verkefnum Eims
 - Nýting hauggass - Ragnhildur Friðriksdóttir
 - Úrvinnsla dýraleifa í C1 -Ottó Elíasson
- Önnur mál

1. Fundarsetning

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og ritara

Magnús lagði fram tillögu um að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri, það var samþykkt samhljóða.

Sigfús Ingi tók við fundarstjórn og gerði að tillögu að Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð, það var samþykkt samhljóða.



3. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann fór meðal annars yfir helstu verkefni frá síðasta aðalfundi. Urðunarstaðurinn var opnaður árið 2011 og því hefur nú verið urðað í 14 ár. Frá síðasta aðalfundi, 19. mars 2024, hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir. Fastir starfsmenn eru þrír. Tækjabúnaður hefur verið uppfærður frá síðasta aðalfundi en nýr krabbi var tekinn í gagníð á beltagröfu og ný Komatsu kom í byrjun árs 2025. Létta þessi tæki dagleg störf til muna.

Helstu verkefni stjórnar frá síðasta aðalfundi voru eftirfarandi:

- Rekstur urðunarstaðarins
- Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar 2024 um olíusmitaðan úrgang
- Breytingar á framkvæmd við stækkunar urðunarhólfs
- Eftirfylgni við framkvæmd og frágang stækkunarinnar
- Kaup á nýrri Komatu hjólaskóflu árg. 2024
- Samskipti við UST og HNV
- Grænt bókhald / ústreymsibókhald
- Gjaldskrá fyrir urðunarstaðinn
- Eftirfylgni vegna endurnýjunar starfsleyfis

Magnús fór yfir stöðuna vegna móttöku á olíusmituðum úrgangi en eftir töluverð samskipti við UST varð endingin sú að heimild var veitt fyrir móttöku á olíusmituðum úrgangi svo fremi að gildi smits færu ekki yfir ákveðin mörk. Þótti það fýsilegri kostur en að breyta heimildum starfsleyfis þar sem vinna við útgáfu starfsleyfis er umfangsmikil og tímafrek.

Magnús gerði ítarlega grein fyrir breytingum á framkvæmd við stækkun urðunarhólfsins og þeim kostnaðarauka sem það hafði í för með sér. Framkvæmdinni lauk í október 2024. Heildarverkstaða samkvæmt lokauppgjöri er tæpar 450,4 millj. kr. eða um 139% af samningsupphæð sem var 324,5 millj. kr. Upphafleg kostnaðaráætlun verkkaupa gerði ráð fyrir 650 millj. kr. og endanlegur framkvæmdakostnaður því rétt tæp 70% af því viðmiði. Af heildarverkstöðu er heildarupphæð aukaverka rétt rúmar 27 millj kr. eða um 8,4%.

Móttaka á úrgangi gekk að mestu vel á árinu 2024 og athugasemdir við eftirlit Umhverfisstofnunar (UST) voru litlar sem engar vegna reksturins. Móttaka úrgangs dróst saman um 303 tonn milli ára og munaði þar mest um minnkun í úrgangstimbri. Aukning var í flestum öðrum flokkum og skýrist það til að mynda í Skagafirði vegna aukinnar urðunar á sláturúrgangi og niðurrifi bygginga. Brýnt er að heimili, fyrirtæki og opinberir aðilar haldi áfram að gera sitt í að draga úr framleiðslu á úrgangi til urðunar.

Gassöfnun og brennsla gekk vel árið 2024 en sífellt er leitað leiða, í samstarfi við áhugasama aðila, til þess að nýta orku frá brennslu metangass eða finna gasinu aðra nýtingu en brennslu á staðnum.

Helstu verkefni framundan er að yfirfara og endurgera áætlanir og annað sem nýtt starfsleyfi kveður á um. Eins að undirbúa stækkun á gasvinnlu upp úr urðunarhólfinu en stjórn hefur þegar falið rekstrarstjóra að hefja vinnu við að kalla eftir hugmyndum og áætluðum kostnaði í hönnun framkvæmdarinnar. Og leita leiða við að nýta gasið betur.

Þróun nýrra lausna gengur hægt og því virðist urðun vera óhjákvæmileg á meðan aðrar lausnir eru ekki komnar fram og verður líklega þar til hólfinu verður lokað árið 2039. Reikna má þó með að nokkuð dragi úr úrgangsmýndun með aukinni endurvinnslu/endurnýtingu og breyttu hugarfari. Stækkun urðunarhólfsins er lokaáfangi í urðunarrými í Stekkjarvík. Það þarf því innan 13 ára að finna nýjar lausnir á afsetningu úrgangs.

4. Ársreikningur 2024

Helgi Nielsson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2024.

Á árinu 2024 voru rekstrartekjur félagsins 227,0 milljónir og hækkuðu um 15,4 millj. kr. milli ára eða um 7%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam tæpum 73,9 millj. kr. en var tæpar 53,5 millj. kr. árið 2023. Eigið fé félagsins í árslok nam 761,4 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 687,5 millj. kr. í árslok 2023. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eftir óverulegar umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2024 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2025-29

Margeir Friðriksson lagði fram og kynnti rekstraráætlun fyrir árin 2025 til 2029. Áætlunin var áður samþykkt á stjórnarfundum 13. mars sl. og vísað til aðalfundar.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Gjaldskrá

Gjaldskrá Norðurár fyrir árið 2025 lögð fram til kynningar.

Samkvæmt samþykktum aðalfundar árið 2024 ber stjórn að endurskoða gjaldskrá fyrir 15. október hvert ár og tekur endurskoðuð gjaldskrá gildi 1. janúar árið eftir.

7. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu; Magnús B. Jónsson Hrefna Jóhannesdóttir og Arnar Bjarki Magnússon. Til vara væru í sömu röð; Zophonías Ari Lárusson, Einar E. Einarsson og Sveinn Finster Úlfarsson. Pétur Arason er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi í stjórn fyrir Húnabyggð og Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar fundarstjóri upp þá tillögu að Helgi Nielsson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2025. Samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Lagt er til við aðalfund að stjórnarlaun hjá Norðurá bs., taki mið af launum fulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar. Launin taka mið af þingfarakaupi og voru 1. júlí 2024 samkvæmt því eftirfarandi:

- | | |
|---|-----------|
| • Mánaðarlaun, formaður: 3,2% á mánuði | 48.827 kr |
| • Mánaðarlaun, áheyrnarfulltrúi: 1,8% á mánuði | 27,465 kr |
| • Nefndarformaður: 2,5% fyrir hvern fund | 38,146 kr |
| • Nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,6% fyrir hvern fund | 24,413 kr |
| • Varaformaður: 2,5% fyrir hvern fund sem hann stjórnar | 38,146 kr |

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða.

9. Kynning á nýju starfsleyfi

Magnús kynnti stöðuna á endurnýjun starfsleyfis Norðurár bs. og breytingar frá upphaflegu starfsleyfi.

Norðurá bs fékk starfsleyfi til urðunar á 21 þús tonnum í Stekkjarvík 26.11.2010 og gildir starfsleyfið til 26.11.2026. Sótt var um aukna heimild til UST til urðunar á allt að 23. þús tonn árið 2018 sem var svo hækkað í 30. þús. tonn 2019 og á árinu 2020 var síðan bætt við umsókn um heimild til brennslu dýrahæja. Ný starfsleyfisumsókn er komin í gegnum alla ferla skýrslugerða og umsagna og er í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun (UOS, áður Umhverfisstofnun). Fyrir liggur tillaga að starfsleyfi sem á eftir að fara í gegnum endanlegt staðfestingarferli hjá UOS. Gildistaka liggur ekki fyrir en vonir standa til að það verði fyrir haustið, gert er ráð fyrir að starfsleyfið gildi í 15 ár.

10. Kynning á verkefnum Eims

Ottó Eliasson framkvæmdastjóri kynnti markmið og starfsemi Eims, en verkefnið hóf störf árið 2017. Eimur er samstarfsverkefni umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins, Landsvirkjunar, Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur. Markmið Eims er að bæta nýtingu

auðlinda á Norðurlandi með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi. Sjá nánar á vefsíðu Eims, www.eimur.is

a. Nýting hauggass – Ragnhildur Friðriksdóttir

Eimur hlaut nýverið styrk upp á 1.500 þús. kr. í verkefnið: *Metan til orku – Sjálfbær nýting hauggass í Stekkjarvík*. Ragnhildur fór yfir fyrstu vísbendingar sem eru að koma í ljós eftir úttekt á auðlindinni og mögulegar sviðsmyndir af nýtingu gassins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Eflu. Framundan er að áætla hauggasmyndun og til hversu langs tíma nýting yrði arðbær. Meðal sviðsmýnda sem verið er að skoða eru: a) varmavinnsla, b) raforku- og varmavinnsla, c) raforkuvinnsla og d) koldíoxíð. Einnig þarf að greina samfélagslegan ávinning þessara sviðsmýnda.

b. Úrvinnsla dýraleifa í C1 -Ottó Elíasson

Ottó kynnti stöðu uppbyggingar á Dysnesi við Eyjafjörð. Mikill áfangi náðist á síðasta ári hvað snertir lóðaúthlutun og áætlanagerð fyrir vinnslustöð fyrir dýrahræ í efsta áhættuflokki (ca 4.000 tonn af dýraleifum í C1 á landsvísu/ár). Málaflokkurinn liggur milli ráðuneyta (URN og AVR) sem flækir málin. *Tillaga um uppbyggingu á vinnslustöð fyrir dýrahræ í efsta áhættuflokki á Dysnesi við Eyjafjörð* var send til atvinnuvegaráðherra þann 14. mars sl. Beðið er eftir viðbrögðum ráðuneytisins. Öflugur stuðningur er meðal stærstu hagaðila af starfssvæði SSNE og SSNV.

Ottó Elíassyni og Ragnhildi Friðriksdóttur var þakkað kærlega fyrir áhugaverða kynningu.

11. Önnur mál

Engin önnur mál.

Magnús B. Jónsson og Sigfús Ingi þökkðu fyrir góðan fund og slitu honum í kjölfarið.

Fundi slitið kl. 15.49

Hrefna Jóhannesdóttir, fundarritari
fundarstjóri

Sigfús Ingi Sigfússon,